



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

ÉG ER EKKI
ALLRA. 

ÞAÐ GETUR VERIÐ ÞÍNU ERFITT AÐ BÍTA Í MIG
////////////////////////////////////

ÉG HENTA VEL Í ALLSKONAR
BAKSTUR

OG ER FRÁBÆR Í ÍSGERÐ
.....

ÞEIR SEM ELSKA MIG, ELSKA MIG

VERUM ALVEG | ÉG KEM EKKI
HREINSKILIN | Í STAÐINN FYRIR MAT

**VERUM ALVEG
HREINSKILIN**

Ég kem ekki í staðinn fyrir mat. Ég er
búinn til úr stökkum **karamellumöndlum**
og umvafinn ljúffengu **mjólkursúkkulaði**.

.....
Hugsaðu til mín næst þegar þú ert út í búð
eða á bensínstöðinni OG ÞIG LANGAR Í
EITTHVAÐ GÓMSÆTT.



- brakandi gott!

RETRO STEFSON-LIDAR
TROÐA UPP Á SONAR

Rafmögnuð stemning í Hörpunni

SÓNAR REYKJAVÍK Í TÖLUM

1 HARPA 2 DAGAR 4 SVIÐ 50 TÓNLISTARMENN

>80 BLAÐAMENN >500 ERLENDIR TÓNLEIKAGESTIR

>2300 ÍSLENSKIR TÓNLEIKAGESTIR

>3300 LIKE Á FACEBOOK

Innlendir og erlendir gestir og listamenn
alþjóðavæða tónlistarhátíðina **Sónar Reykjavík**

Um 50 íslenskir og erlendir tónlistarmenn koma fram á Sónar Reykjavík sem haldinn er í Hörpunni 15. og 16. febrúar. Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar leggja áherslu á frumleika og tilraunastarfsemi og því hafa þeir meðal annars tekið upp á því að umbreyta hluta bílajakallarans í Hörpunni í næturklúbb þar sem hinir ýmsu plötusnúðar munu halda uppi stuðinu.

Sónar á rætur sínar að rekja til Barcelona þar sem hátíðin er haldin í júní ár hvert. Frá fyrstu hátíðinni árið 1994 hefur Sónar komið víða við og meðal annars verið haldin í Buenos Aires, New York og Tokyo.

Meðal þeirra sem fram koma á Sónar Reykjavík má nefna Retro Stefson, Trentemøller, James Blake og GusGus.

amc

Viktor Birgisson

Tómstunda- og félagsmálafræðinemi við Háskóla Íslands og raftónlistarmaður

Fyrstu sex: 211088.

Hvað ætlarðu að sjá á Sónar? Pedro Pilatus, Sísí Ey, Thugfucker, Oculus, Axel Boman, James Blake DJ set, Jame Blake Live, Gluteus Maximus, Squarepusher, John Talbot og svo hleyp ég á milli Tale of Us og Pachanga Boys.

Hvað hlakkar þú mest til að sjá? James Blake live.

Afhverju Sónar? Við erum að fá heimsókn frá nokkrum af allra færustu raftónlistarmönnum og plötusnúðum heims og það væri synd að missa af þeim. Svo verður þetta allt í Hörpu svo maður þarf ekkert sérstaklega að þæla í því að biða í röð úti í brjáluðu veðri.



Sigrún Skaftadóttir

Kanilsnælda og alþjóðaritari ungra jafnaðarmanna

Fyrstu sex: 080288.

Hvað ætlarðu að sjá á Sónar? Það er svo margt að tryllast yfir, Tale of us, James Blake, Axel Boman, Squarepusher og Thugfucker, Trentemøller og Kasper Bjørke.

Uppáhalds íslenski tónlistarmaðurinn/bandið á Sónar? Thugfucker.

Hvað hlakkar þú mest til að sjá? Tale of us og James Blake.

Af hverju Sónar? Ég elska raftónlist. Mér finnst frábært að fá tónlistarhátíð sem einblínir aðeins á raftónlist. Einnig finnst mér snilld að íslenskir raftónlistarmenn fái tækifæri til þess að spila og kynna sig. Til hamingju, Ísland, með Sónar!



Þorgerður Jóhanna Sveinbjarnardóttir

Laganemi við Háskóla Íslands og lagasmiður.

Fyrstu sex: 200589.

Hvað hlakkar þú mest til að sjá á Sónar? James Blake og Trentemøller. Svo hlakka ég líka mjög mikið til þess að heyra nýja efnið frá GusGus.

Íslenskt eða erlent? Bæði betra. Að sjá þessa erlendu listamenn performa hérna heima er náttúrulega einstakt tækifæri. Íslenska tónlistin er samt líka fáránlega góð svo ég held að málið sé að mixa þessu saman í eðalblöndu af íslenski og erlendri tónlist.

Ef þú mættir velja listamann til að koma fram á Sónar Reykjavík hver myndi það vera? Todd Terje, Justice eða Nicolas Jaar. Spurning hvort maður skelli sér á Sónar í Barcelona ef maður fær ekki nóg eftir þessa hátíð.



Lukas Willecke

Laganemi við Háskóla Íslands

Fyrstu sex: 160591.

Land: Þýskaland.

Hvað ætlar þú að sjá á Sónar? Modeselektor, Mugison, Pachanga Boys og Human Woman. Ég er búinn að setja saman dagskrár til að fá sem mest út úr tónlistinni en það var erfitt að velja á milli. Simian Mobile Disco vs. Trentemøller er enn óleyst vandamál.

Uppáhalds íslenski tónlistarmaður? Án efa Mugison! Hann er eins og sólóútgáfan af The Black Keys nema fjölhæfari.

Hvers vegna Sónar? Ég elska raftónlist og þá möguleika sem Harpa býður upp á sem tónleikastaður. Tveir vínir mínir sem voru hér í skiptinámi í haust ætla að koma aftur til landsins vegna Sónar og það segir ýmislegt um hversu mikil snilld þetta verður.



Jonas Hellesoe Christensen

Kvikmynda- og fjölmiðlafræðinemi við Kaupmannahafnarháskóla.

Fyrstu sex: 141289.

Land: Danmörk.

Hvað ætlar þú að sjá á Sónar? Ég ætla að fara á nokkra tónleika með hljómsveitum sem ég þekki fyrir en flesta fer ég á án þess að þekkja böndin. Það er frábær leið til að uppgötva nýja tónlist. Ég veit að ég mun mæta á James Blake, Trentemøller og Kasper Bjørke. Hugsanlega líka á GusGus.

Uppáhalds íslenski tónlistarmaður? Líklega GusGus.

Íslenskt eða erlent? Íslenskt. Á Sónar virðast vera færri frægir hljómsveitir svo áhorfendur fái frekar tækifæri til að uppgötva nýja íslenska tónlistarmenn sem þeir hefðu annars ekki fengið tækifæri til að kynna.





Alþjóðlegur háskóladagur

LAUGARDAGINN 16. FEBRÚAR, FRÁ KL. 12:30-17:00.
TJARNARBÍÓ Í REYKJAVÍK (TJARNARGÖTU 12).

Lingó-málamiðlun er umboðsaðili fyrir nokkra af þekktustu fagháskólum Evrópu, og hefur um átta ára skeið rekið ráðgjafastofu fyrir nema sem sækja um skólavist hjá alþjóðlegum fagháskólum á sviði hönnunar, lista, miðlunar og tísku.

DAGSKRÁ:

1. Einstaklingsbundin viðtöl í anddyri

2. Fyrirlestrar & kynningar í sal

- **Future trends & professions in Design and Creativity**
Alessandro Manetti • Istituto Europeo Di Design • Barcelona
- **Fashion Portfolio Preparation**
Tony Alston • University of The Arts London
- **Your opportunities at Bournemouth University**
An overview of BU and what makes us stand out from the crowd! • Andy Thompson • Bournemouth University
- **Putting together a Portfolio for Art School**
Marianne Greated • Glasgow School of Art
- **The admissions process and portfolio preparation**
Veronika Virupajeva • Arts University Bournemouth
- **Creative Studies at Istituto Europeo di Design**
Susanna Valle • Istituto Europeo Di Design • Milano

- DÆMI UM NÁM Í BODI*
- GRAFÍSK HÖNNUN
 - LISTRÆN STJÓRNUN
 - LJÓSMYNDUN
 - KVIKMYNDAGERÐ
 - MARGMIÐLUN
 - KROSSMIÐLUN
 - MYNSKREYTING
 - ARKITEKTÚR
 - INNHANHÚSSHÖNNUN
 - LJÓSAHÖNNUN
 - VÖRUHÖNNUN
 - UMBÚÐAHÖNNUN
 - BÍLAHÖNNUN
 - MARKAÐSSAMSKIPTI
 - VIÐBURÐASTJÓRNUN

Sjá nánar: www.facebook.com/lingois • www.lingo.is

lingó
MÁLAMIÐLUN



TÍSKA UNGA



SKÓR: DR.MARTENS
BUXUR: CHEAP MONDAY
JAKKI: FATAMARKAÐURINN
BOLUR: SPÚÚTNIK

Una Hallgrímsdóttir

Skóli: Menntaskólinn við Hamrahlíð.
Aldur: 16 ára.
Uppáhalds fatabúð: Hérna heima versla ég mest í Spúútnik-fatamarkaðnum (við Hlemm) en í útlöndum verður Monki oftast fyrir valinu.
Mest notaða flíkin þín: Kósý yfir-stærðar blómabólur úr Spúútnik.



GALLABUXUR:
GALLERÍ SAUTJÁN
BOLUR: SPÚÚTNIK
SKÓR: DR.MARTENS
BODYCHAIN: VINKONA
MÍN KEYPTI ÞETTA Í BÚÐ Í DUBLIN EN FÆST, VEIT ÉG, Í SIX Í KRINGLUNNI OG NOSTALGIÚ Á LAUGAVEGINUM.

Kristína Reynisdóttir

Skóli: Verzlunarskóli Íslands.
Aldur: Er 16 en verð 17 í ágúst.
Uppáhalds fatabúð: Nastygal, Monki, H&M, Topshop og Spúútnik.
Mest notaða flíkin mín: Bolurinn á myndinni, leðurjakkinn sem ég fékk fyrir nokkrum árum og uppa síðkastið líka Levi's gallajakinn minn.



GOLLA: SPÚÚTNIK
SKYRТА: H&M
BUXUR: DR. DENIM
JEANSMAKERS
SKÓR: CONVERSE

Blængur Blængsson

Skóli: Menntaskólinn við Hamrahlíð.
Aldur: 19 ára
Uppáhalds fatabúð: Gallerí Sautján, Spúútnik og Urban Outfitters
Mest notaða flíkin þín: Peysa af pabba sem var keypt í H&M fyrir alltof mörgum árum.



PEYSA: SUZIE Q
BOLUR: MONKI
LEGGINS: H&M
SKÓR: GS SKÓR
ARMBAND OG ÚR: ASOS

Helga Kristín Ólafsdóttir

Skóli: Verzlunarskóli Íslands.
Aldur: 19 ára.
Uppáhalds fatabúð: Urban Outfitters.
Mest notaða flíkin þín: Þessa dagana er það klárlega úlpan mín úr Topshop.



JAKKI: ZARA
BOLUR: KARMALOO.COM
BUXURNAR: RIVER ISLAND
SKÓR: NORDSTROM

Leifur Hreggviðsson

Skóli: Verzlunarskóli Íslands.
Aldur: 19 ára.
Uppáhalds fatabúð: Asos og Suit Supply.
Mest notaða flíkin þín: Svartar buxur, er alltaf í svörtum buxum.

Stíllinn heimsótti Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólann við Hamrahlíð á dögnum og kannaði hvað væri heitast í tískunni hjá unga fólkinu í dag. Flottir nemendur leyndu sér ekki og tók **Stíllinn** púlsinn á nokkrum þeirra.

A FÓLKINS



SKYRТА: TOPMAN
BUXUR: URBAN OUTFITTERS
SKÓR: CONVERSE

Daníel Ómar Guðmundsson

Skóli: Verzlunarskóli Íslands.
Aldur: 19 ára.
Uppáhalds fatabúð: Urban Outfitters.
Mest notaða flíkin þín: American Apparel-hettu-peysan mín.



JAKKI: LEVI'S
PEYSA: WAREHOUSE
BOLUR: TOPSHOP
BUXUR: KEYPTAR Í MANÍU
SKÓR: MIG MINNIR AÐ ÉG HAFI KEYPT ÞÁ Í SKOR.IS

Sara Valgeirsdóttir

Skóli: Menntaskólinn við Hamrahlíð.
Aldur: Ég er 18 ára.
Uppáhalds fatabúð: Nokkuð margar, en held að Topshop standi mest upp úr.
Mest notaða flíkin þín: Hermanna-grænn jakki sem ég keypti fyrir þremur árum í Zara.



PEYSA: RASCALS, ÚR SAMSOE SAMAOE
BUXURNAR: KREW, ÚR NOLAND
SKÓR: VANS, ÚR CARLINGS

Arnar Freyr Ársællsson

Skóli: Verzlunarskóli Íslands.
Aldur: 18 ára.
Uppáhalds búð: Samsøe Samsøe og Urban.
Mest notaða flíkin þín: Cheap-Monday-buxurnar mínar.



BOLUR: JACK & JONES
ÚLPA: SMASH
BUXUR: GALLERÍ 17
SKÓR: URBAN

Einar Dagur Jónsson

Skóli: Menntaskólinn við Hamrahlíð.
Aldur: 16 ára.
Uppáhalds fatabúð: Gallerí 17. Einhvern veginn endar maður alltaf á því að kaupa allt þar.
Mest notaða flík: Leður-„bootsin“ mín. Það er svo fágað og karlmannlegt að vera í flottum leðurskóm.



HÚFA: CARHARTT
KÁPA: TOPSHOP
BUXUR: CHEAP MONDAY
SKÓR: MONKI

Vaka Alfreðsdóttir

Skóli: Menntaskólinn við Hamrahlíð.
Aldur: 19 ára.
Uppáhalds fatabúð: Engin sérstök.
Mest notaða flík: Dr. Martens-skórnir mínir.





TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

VILTU VINNA
LG optimus G
 snjallsíma?



VÆNTANLEGUR!

SENDU SMS EST LGG
 Á NÚMERIÐ 1900
 ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU
 OG SVARAR MEÐ
 ÞVÍ AÐ SENDA
 SMS SKEYTIÐ
 EST A, B EÐA C
 Á NÚMERIÐ 1900
 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!



Fullt af aukavinningum:
 Bíómiðar - DVD
 Tölvuleikir - Gos o.m.fl.

*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 11. mars 2013.
 Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.
 Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.
 Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.
 Leik lýkur 10. mars 2013



Lindum - Skeifunni - Granda - Vefverslun - Sími 544 4000 - Símsala 575 8115

Handrit **A Good Day To Die Hard** er fyrsta handritið sem er skrifað beint sem Die Hard-mynd, en öll hin fjögur handritin voru upphaflega að öðrum myndum sem hétu annað.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

A Good Day to Die Hard

John McClane er mættur á svæðið í fimmtu Die Hard-myndinni og kemst nú að því að sonur hans, Jack McClane, er engu minna hörkutól en hann sjálfur. Í þetta sinn ferðast John til Moskvu í því skyni að aðstoða son sinn Jack sem John heldur að sé á einhverjum villigötum. Hann verður því meira en lítið undrandi þegar í ljós kemur að Jack er í raun útsendari bandarísku leyniþjónustunnar og er í Moskvu til að koma í veg fyrir að rússneskir glæpamenn sem svífast einskis geti átt stórhættuleg viðskipti með kjarnorkuvopn. Áður en hægt er að telja upp að þremur er John kominn á kaf í málið ásamt syni sínum og framundan er því lík barátta og hasar að sennilega hefur aldrei annað eins sést á hvíta tjaldinu.

Leikstjóri: John Moore.
Aðalhlutverk: Bruce Willis, Jai Courtney og Sebastian Koch.
Lengd: 98 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Egilshöll og Borgarbíó Akureyri.

VILTU
 VINNA
 MIÐA?

facebook.com/monitorbladid



ERTU VIÐBÚIN??



gos skór

Kringlunni - Smáralind
 s. 512 1760 - s. 512 7700
 ntc.is - erum á



Bob Dylan og Soy Bomb

1998 Michael Portnoy var einn af fjölmörgum sem ráðnir voru til að taka þátt í flutningi Bobs Dylan á lagi sínu Love Sick. Hlutverk þessa fólks var einfalt: að standa aftast á sviðinu og dilla sér rólega í takt við lagið til að skapa skemmtilega stemningu. Michael vildi hins vegar taka sviðsframkomuna í aðra átt og í miðju lagi rífur hann sig úr skyrtni sinni, hleypur að Dylan sjálfum og stígur einhvern trylltasta dans sem sést hefur á sviði. Til að toppa þetta hafði hann túsíð orðin Soy Bomb sem er listamansnafn



hans yfir brjóstkassann á sér. 40 sekúndum seinna var honum fylgt af sviðinu af öryggisvörðum, töluvert þekktari en 40 sekúndum áður.

Grammys í gegnum árin

Grammys-tónlistarverðlaunin voru veitt á sunnudaginn síðastliðinn með klassískum hætti. En verðlaunahátíðin eru ekki bara „celeb“ í misundarlegum klæðnaði að halda þakkarræður á milli þess sem tónlist er flutt. Í gegnum tíðina hafa ýmsar uppákomur litið dagsins ljós, hér eru nokkrar af þeim.

Eminem og Elton John

2001 Það sem er líklegast merkilegast við þennan dúett er það að á þessum tíma stóðu réttindasamtök samkynhneigðra og Eminem í vægast sagt hörðum deilum. Þegar þetta var hafði Marshall Mathers LP nýverið komið út og þótti Eminem ekki tala mjög fallega til þeirra sem deildu ástum með fólki af sama kyni. Þegar það komst í fréttirnar að Elton John, aðal-aktivisti samkynhneigðra í „show biz“ ætlaði að spila opinberlega með Eminem urðu forsvarsmenn samtakanna ekki sáttir. Eftir að þeir félagarnir tóku lagið Stan á hátíðinni breyttist þó margt og Eminem tók upp aðeins minna hatursfullan orðaforða um samkynhneigð.



Ol' Dirty Bastard

1998 Öryggisgæslan árið 1998 hlýtur að hafa verið sú versta í sögunni því menn gengu bara inn og út af sviðinu að eigin vild. Til að toppa Soy Bomb-dansinn ákvað Ol' Dirty Bastard Kanye Westa Shawn Colem sem var að fara að halda þakkarræðu. Ol' Dirty sem hafði ásamt hljómsveit sinni Wu-Tang verið tilnefndur fyrir rappplötu ársins var eitthvað ósáttur við að hafa tapað fyrir Puff Daddy, seinna þekktum sem P. Diddy og enn seinna sem Diddy. Ol' Dirty, klæddur í glæsilegan frakka og jakkaföt stormaði upp á sviðið og bað um að tónlistin yrði lækkuð. Þess næst útskýrði hann fyrir áhorfendum að fötin hans væru mjög svo dýr og hann hefði keypt þau því hann hélt að Wu-Tang myndi vinna. Þegar jakkafataklaeddur öryggisvörður mætti á sviðið kvaddi hann fólkið með því að hamra á því að Puff Daddy væri góður en Wu-Tang væri best... Því Wu-Tang væri fyrir börnin.



Justin Bieber

2013 Þetta árið var ungstirníð ekki tilnefnt til einna einustu verðlauna og voru ekki allir á eitt sáttir með það, sérstaklega ekki umboðsmaður Biebersins. Á laugardagskvöldinu ákvað hann að Justin Bieber myndi á sama tíma og Grammys væri í gangi streyma eigin þætti á Livestream þar sem hann myndi spila nýja tónlist og svara spurningum aðdáenda í beinni. Þessi tilraun fór ekki betur en svo að livestream réð ekki við allan fjöldann sem reyndi að horfa á þáttinn þannig að klukkustund eftir að partíið átti að vera byrjað var Justin Bieber á Twitter að reyna hlaða upp einhverjum myndböndum. Tilraunin að vera of flottur fyrir Grammys heppnaðist ekki alveg nógu vel og verður eflaust frekar vandræðalegt fyrir hann að mæta næst.

Helen Reddy

1973 Helen Reddy, söngkonan sem allir ættu að þekkja - eða ekki, vann titilinn söngkona ársins fyrir lagið sitt „I Am Woman“ árið 1973. Í miðri þakkarræðunni kastaði hún kveðju á Guð eins og Ameríkönunum einum er lagið og þótti það ekkert tiltökumál, þangað til hún hélt áfram og sagði: „Guð, konunni sem gerði þetta allt mögulegt.“ Menn voru almennt ekki tilbúnir í þetta statement á þessum tíma og fengu starfsmenn sjónvarpsstöðvanna sem sýndu frá hátíðinni að finna fyrir því. Það lá við það þyrfti að ráða inn auka-starfskraft til að taka við kvörtunum símleiðis.



KOMIN Í BÍÓ

BRUCE WILLIS
A GOOD DAY TO DIE HARD

LIKE FATHER. LIKE SON. LIKE HELL.

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL DH5
Á NÚMERIÐ **1900**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VILTU VINNA MIÐA?

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



Maðurinn sem allir elska

DAVID BECKHAM

Fyrstu sex: 020575.
Fullt nafn: David Robert Joseph Beckham.
Eiginkona: Victoria Beckham (Adams), gift síðan 1999.
Börn: Brooklyn Joseph (1999), Romeo James (2002), Cruz David (2005) og Harper Seven (2011).
Fæðingarstaður: Leytonstone í London á Englandi.

Knattspyrnu- og lífstílshetjan **David Beckham** gekk fyrir tveimur vikum til liðs við Paris Saint-Germain í Frakklandi og samdi við liðið út þetta tímabil. Hann hitti í mark hjá ansi mörgum þegar hann lýsti því yfir að hann muni gefa launin sín til barnaspítala í París. Um hann hafa verið skrifaðar margar bækur en því miður eigum við bara eina blaðsíðu þessa vikuna fyrir þessa lifandi goðsögn.



LIÐIN HANS DB

- 1993-2003:** Manchester United, 265 leikir, 62 mörk.
- 1994-1995:** Preston North End (lánsamningur), 5 leikir, 2 mörk.
- 2003-2007:** Real Madrid, 116 leikir, 13 mörk.
- 2007-2012:** Los Angeles Galaxy, 98 leikir, 18 mörk.
- 2009 og 2010:** Milan (lánsamningur), 29 leik, 2 mörk.
- 2013:** Paris Saint-Germain.
- 1996-2009:** Enska landsliðið, 115 leikir, 17 mörk.



NÁLGAST FERTUGT EN ER FÁRÁNLEGA FLOTTUR

VÖRUMERKIÐ DAVID BECKHAM

Í júlí í fyrra var David Beckham í 8. sæti á lista Forbes yfir tekjuhæstu íþróttamenn heimsins en stór hluti tekna knattspyrnumannsins er til kominn vegna auglýsingasamninga. Árið 2011 þénaði hann 13,3 milljónir punda vegna samninga sinna við fyrirtæki á borð við Adidas, Armani, Samsung, Sainsbury's, Burger King og Diet Coke, eða sem nemur um 2,7 milljörðum króna.

Eru þessar tekjur miðaðar við tekjustreymi í gegnum fyrirtækið hans Footwork Productions en enn meira safnast í hans vasa í gegnum fyrirtæki sem hann á með eiginkonu sinni Victoria Beckham en það heldur utan um ilmvoðn þeirra hjóna og eins samning Davids við tiskufatakeðjuna H&M. Tölur fyrir árið 2012 eru taldar enn hærrí því þrátt fyrir að hann færast nær endalokum knattspyrnuferils síns þá hefur ímynd hans sjaldan verið sterkari og spilar þar aðkoma hans að Ólympíuleikumum í London stórt hlutverk.



PERSÓNULEGU HÚÐFLÚRIN

David Beckham hefur löngum verið þekktur fyrir húðflúrinn sín og telst það alltaf fréttæmt þegar hann bætir nýju flúri á kroppinn. Nýlegt tattú kappans er af Jesú en Beckham fékk sér það á brjóstið eftir að afi hans féll frá árið 2009. Nöfn barnanna hans er einnig að finna á líkama hans og þá er hann með nafn eiginkonunnar, Vicoríu, skrifað á indverska tungumálinu Hindí því hann var sannfærður um að það yrði hallærislegt á ensku. Hann heldur sig við Biblíuna og önnur tungumál í húðflúri sem er á hebresku en það segir: „ég tilheyrí minni ástkæru og mín ástkæra er mín.“ Árið 2004 fór nýtt vængjafúlur Beckhams ekki framhjá neinum en það er að finna á hálsinum á honum. Í sjálfsævisögu sinni, David Beckham: Mín hlíð, tjóir Beckham sig um húðflúrinn: „Hugmyndin um að fá mér húðflúr kviknaði skömmu eftir að Brooklyn fæddist. Ég var á spjalli við Mel B og þáverandi mann hennar, Jimmy Gulzar og talið barst að húðflúrum. Ég fór í framhaldinu til Þjóðverja sem hafði flúrað Jimmy og þá hafði ég áttað mig á því hvað ég vildi að flúrinn mín myndu tákna. Húðflúrinn mín tákna öll fólkið í lífi mínu, konu mína og börnin. Ég vil alltaf hafa þau hjá mér. Þegar þú horfir á mig þá sérð þú húðflúrinn mín. Þú sérð hvernig mér líður gagnvart Vicotriú og börnunum. Þau eru hluti af mér.“



HÁRIN Í GEGNUM ÁRIN



7.500 kr.
Fylgir hverju rúmi
RB RÚM

RB rúm hlaut á dögunum alþjóðleg verðlaun á International Quality Crown Awards í London, fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Þetta eru stór verðlaun en það er bara eitt fyrirtæki í hverri grein sem fær þessi verðlaun ár hvert.

FERMINGARGJÖF

Í áraradír hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Mismunandi stífleika er hægt að

velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr. Mikið úrval af öllum tegundum rúma. Hafð samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.



VELJUM ÍSLENSKT



RB
RÚM

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 8 - 18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10 - 14



Empire

Ein
frumlegasta
gamanmynd
sem gerð
hefur verið



Fór beint
á toppinn
í USA

HE'S
STILL
DEAD
BUT
HE'S
GETTING
WARMER

WARM BODIES

FRUMSÝND Í DAG

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL

SAMBÍÓIN